

## REGLUGERÐ um breytingu á byggingarreglugerð nr. 112/2012.

1. gr.

5.1.1. – 5.1.3. gr. falla brott og breytist töluröð annarra greina sem því nemur.

2. gr.

1. mgr. 5.1.4. gr. (sem verður 5.1.1. gr.) orðast svo:

Byggingarvörur til notkunar í eða við mannvirkjagerð skulu uppfylla skilyrði laga nr. 114/2014 um byggingarvörur og reglugerðar þessarar.

3. gr.

Við 5. hluta bætist ný grein svohljóðandi:

*5.1.2. gr.*

*Frístundahús til flutnings.*

Frístundahúsi eða sambærilegu húsi sem byggt er utan lóðar og sérframleitt í einstökum tilvikum eða sérsniðið að tilteknum þörfum eftir pöntun á grundvelli hönnunargagna skal við umsókn um byggingarleyfi fylgja vottorð frá faggiltri skoðunarstofu eða byggingarfulltrúa um yfirferð uppdráttar og framkvæmd úttekta á burðargrind, festingum, einangrun og rakavarnarlagi. Hús þannig byggt skal einkenna með brennimarki eða á annan hátt sem byggingarfulltrúi viðurkennir.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki ef viðkomandi mannvirki er CE-merkt eða það fellur undir III. kafla laga um byggingarvörur. Í slíkum tilvikum skal yfirlýsing um nothæfi fylgja með byggingarleyfisumsókn í stað vottorðs skv. 1. mgr.

4. gr.

Á eftir orðunum „skulu uppfylla ákvæði“ í 8.3.1. gr. kemur: laga um byggingarvörur.

5. gr.

Í stað orðsins „Mannvirkjastofnunar“ í 2. mgr. 8.3.2. gr. kemur: umhverfis- og auðlindaráðherra skv. ákvæðum 2. mgr. 12. gr. laga um byggingarvörur.

6. gr.

1. mgr. 8.3.10. gr. orðast svo:

Heimild steypustöðvar til að framleiða steinsteypu til notkunar í mannvirkjum skv. reglugerð þessari er háð því að viðkomandi rekstraraðili hafi gefið út yfirlýsingu um nothæfi steinsteypunnar samkvæmt ákvæðum III. kafla laga um byggingarvörur á grundvelli jákvæðrar umsagnar óháðrar rannsóknarstofu sem umhverfis- og auðlindaráðherra viðurkennir í samræmi við ákvæði 2. mgr. 12. gr. laga um byggingarvörur. Leyfisveitandi skal gæta þess að yfirlýsing um nothæfi og jákvæð umsögn um steypustöð liggja fyrir vegna mannvirkjagerðar í hans umdæmi.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8.3.11. gr:

- a. Í stað orðsins „mannvirkjagerðar“ í 1. málsl. kemur: einstaks tiltekins mannvirkis, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr. 9. gr. laga um byggingarvörur.

- b. 1. másl. 3. mgr. orðast svo: Heimild til steypugerðar skv. þessari grein skal vera skrifleg og bundin við einstaka tilgreinda framkvæmd, enda séu einnig uppfyllt önnur skilyrði 1. eða 2. tölul. 2. mgr. 9. gr. laga um byggingarvörur.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 1. mgr. 60. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki og 4. mgr. 24. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir, öðlast þegar gildi.

## 5. HLUTI BYGGINGARVÖRUR

### 5.1. KAFLI

#### **Sannpröfun eiginleika byggingarvöru.**

##### *5.1.1. gr.*

##### *Byggingarvörur á markaði.*

Byggingarvörur á markaði skulu vera CE-merktar sbr. þó 2. mgr. Mannvirkjastofnun skal birta á heimasíðu sinni yfirlit yfir þá staðla sem gera kröfur til þessara vara.

Á meðan ekki eru til samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisambykki fyrir byggingarvöru er markaðssetning hennar heimil, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. ef henni fylgir umsögn um að hún uppfylli kröfur þessarar reglugerðar og laga um mannvirki, standist staðla og falli að verklagi og séríslenskum aðstæðum, sbr. einnig 3. mgr. Við ákvörðun um það hvaða byggingarvörur falla undir þessa málsgrein og hvaða aðferð skal beitt við staðfestingu á samræmi skal höfð hliðsjón af kröfum sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um hlutverk framleiðanda og tilnefnds aðila við staðfestingu á samræmi við kröfur. Ef ekki liggja fyrir samþykktir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um einstaka vöruflokkar skal höfð hliðsjón af ákvörðunum um hliðstæðar vörur.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Mannvirkjastofnun eða aðrir þar til bærir aðilar sem umhverfisráðuneytið viðurkennir skulu gegna samsvarandi hlutverki og tilnefndur aðili vegna ákvæðis 2. mgr. Þessir aðilar annast staðfestingu á samræmi byggingarvöru og gefa út umsögn þar að lútandi.

Tengist vara grunnkröfu, sbr. viðauka laga um mannvirki, þannig að umsagnar sé þörf ber umsagnaraðila skv. 3. mgr. jafnframt að meta eftir hvaða kerfi beri að staðfesta eða lýsa eiginleikum vöru, þ.e. hvert hlutverk umsagnaraðilans er og hlutverk framleiðanda vörunnar.

Þegar um er að ræða stykkjaframleiðslu vöru (ekki raðframleiðslu) nægir yfirlýsing umsagnaraðilans skv. 3. mgr. um samræmi með prófun sýna eða öðru mati sem hann telur fullnægjandi.

Mannvirkjastofnun sker úr um vafaatriði varðandi framkvæmd þessarar greinar, þar með talið hvort viðkomandi byggingarvara falli undir kröfu um umsögn. Almennar leiðbeiningar um túlkun þessa ákvæðis skulu birtir á heimasíðu Mannvirkjastofnunar.

---

##### *5.1.2. gr.*

##### *Byggingarhlutar og byggingar á markaði.*

Einingar, byggingarhlutar, húshlutar eða efni til heilla mannvirkja á markaði skulu almennt vera CE-merkt og henta til fyrirhugaðra nota sbr. ákvæði VIII. kafla laga um mannvirki og reglugerðar um viðskipti með byggingarvörur. Ef ekki eru til samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisambykki fyrir viðkomandi vöru skal afla umsagnar frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og eftir atvikum frá Mannvirkjastofnun vegna eldvarna í samræmi við 2. 4. mgr. 5.1.1. gr. og 25. gr. laga um brunavarnir.

Hönnuður, byggingarstjóri og iðnmeistari sem notar byggingareiningar, byggingarhluta eða efni til mannvirkis í heild skal sannprófa að umsögn vegna þeirra sé í samræmi við kröfur laga um mannvirki, þessarar reglugerðar og reglugerðar um viðskipti með byggingarvörur.

##### *5.1.3. gr.*

##### *Undanþága frá umsögn.*

Umsagnar um vöru samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 5.1.2. gr. er ekki þörf í þeim tilvikum sem iðnmeistari sem ber ábyrgð á einstökum verkþætti mannvirkjagerðar, sbr. 4.10. kafla, vinnur á eigin verkstæði til notkunar í eigin verki einingar eða byggingarhluta, enda sé verkið unnið samkvæmt samþykktum uppdreitti löggilts hönnuðar. Í slíkum tilvikum ber byggingarstjóra að sinna eftirlitshlutverki sínu gagnvart viðkomandi iðnmeistara í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Sé um að ræða verk sem háð er eftirliti og áfangauttektum leyfisveitanda skal hann upplýstur um vinnu við

viðkomandi einingar eða byggingarhluta áður en hún hefst og skal hann kallaður til áfangaúttekta samkvæmt nánari ákvæðum þessarar reglugerðar um áfangaúttektir. Geri staðlar um viðkomandi byggingarvöru kröfu um ákveðnar prófanir skal byggingarstjóri sjá til þess að varan sé prófuð á viðeigandi hátt af viðurkenndum aðila.

Ef verkstæði iðnmeistara er staðsett í öðru sveitarfélagi en viðkomandi mannvirkjagerð, sbr. 1. mgr., er leyfisveitanda heimilt að fela byggingarfulltrúa þess sveitarfélags þar sem verkstæðið er eða faggiltri skoðunarstofu úttektir vegna viðkomandi eininga, byggingarhluta eða mannvirkisins á kostnað eiganda. Að öðrum kosti gilda ákvæði 5.1.2. gr.

*5.1.1. gr.*

*Notkun byggingarvöru og ábyrgð eiganda mannvirkis.*

Byggingarvörur til notkunar í eða við mannvirkjagerð skulu uppfylla skilyrði ~~39. gr. laga um mannvirki, reglugerðar þessarar og reglugerðar um viðskiptilaga nr. 114/2014 meðum byggingarvörur og reglugerðar þessarar.~~

Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að við byggingu þess og rekstur sé einungis notuð byggingarvara sem uppfyllir þau ákvæði sem greinir í 1. mgr.

*5.1.2. gr.*

*Fristundahús til flutnings.*

Fristundahúsi eða sambærilegu húsi sem byggt er utan lóðar og sérframleitt í einstökum tilvikum eða sérsniðið að tilteknum þörfum eftir pöntun á grundvelli hönnunargagna skal við umsókn um byggingarleyfi fylgja vottorð frá faggiltri skoðunarstofu eða byggingarfulltrúa um yfirferð uppdráttar og framkvæmd úttekta á burðargrind, festingum, einangrun og rakavarnarlagi. Hús þannig byggt skal einkenna með brennimarki eða á annan hátt sem byggingarfulltrúi viðurkennir.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki ef viðkomandi mannvirki er CE-merkt eða það fellur undir III. kafla laga um byggingarvörur. Í slíkum tilvikum skal yfirlýsing um nothæfi fylgja með byggingarleyfisumsókn í stað vottorðs skv. 1. mgr.

### 8.3. KAFLI

#### Sement og steinsteypa.

1 8.3.1. gr.

2 *Almennt.*

Sement, steinsteypa og steinsteypuvirki skulu uppfylla ákvæði [laga um byggingarvörur](#), íslenskra þolhönnunarstaðla, sbr. 8.2.1. gr. og staðlanna ÍST EN 197-1, ÍST EN 12620 og ÍST EN 206-1 auk ákvæða um niðurlögn steypu í staðlinum ÍST EN 13670.

3 8.3.2. gr.

4 *Gæðamat.*

Sement, steinefni, íblendiefni, íaukar og önnur hlutefni í steinsteypu skulu uppfylla viðeigandi tækniákvæði, sbr. 8.3.1. gr. Steinefni á markaði til steypugerðar skal jafnframt uppfylla aðrar kröfur sem fram koma í þessum kafla. Steinefni framleitt til eigin nota til steypugerðar skal uppfylla sömu efniskröfur, þó ekki sé þar gerð krafa um CE-merkingu.

[Gæðamat steinsteypu skv. 8.3. kafla skal unnið af faggiltri rannsóknastofu á viðkomandi sviði eða óháðri rannsóknastofu með sérþekkingu á viðkomandi sviði sem hefur hlotið viðurkenningu Mannvirkjastofnunarumhverfis- og auðlindaráðherra skv. ákvæðum 2. mgr. 12. gr. laga um byggingarvörur.](#)

5 8.3.3. gr.

6 *Virkni steinefna.*

Steinefni til steinsteypugerðar skal vera prófað með tilliti til alkalívirknir. Það telst óvirkt ef þensla mürstrendinga, sem steyptir eru úr því og háalkalísementi, t.d. hreinu íslensku Portlandsementi, er minni en:

- a. 0,05% eftir 6 mánuði eða 0,1% eftir 12 mánuði samkvæmt prófunaraðferð ASTM-C 227 eða
- b. 0,20% eftir 14 daga samkvæmt prófunaraðferð RILEM AAR-2.

7 8.3.4. gr.

8 *Virk steinefni.*

Ef steinefni reynist virkt eftir prófun er heimilt að leyfa notkun þess ef annað eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

- a. Þensla mürstrendinga, sem steyptir eru úr því með þeirri sementstegund, sem nota skal, er minni en 0,05% eftir 6 mánuði eða 0,1% eftir 12 mánuði samkvæmt prófunaraðferð ASTM-C 227. Þó skal miða við 0,08% eftir 12 mánuði ef um kísilryksblandað sement er að ræða (kísilryk yfir 5%).
- b. Þensla steypustrendinga, sem steyptir eru úr því með þeirri blöndu af steinefni og sementi, sem nota skal, er minni en 0,05% eftir 12 mánuði samkvæmt prófunaraðferð RILEM AAR-3.

9 8.3.5. gr.

10 *Prófanir steinefna.*

Efnissali steinefna og eftir atvikum steinsteypu skal reglulega láta óháða og viðurkennda rannsóknastofu prófa steinefni og geta lagt fram skriflegt vottorð um:

- a. Hvort viðkomandi steinefni sé virkt eða óvirkt skv. 8.3.3. gr.
- b. Ef steinefni reynist virkt þá þarf steypuframleiðandi að sanna að sú blanda af steinefni og sementi sem nota skal sé innan leyfilegra marka skv. 8.3.4. gr.

Tíðni prófana á steinefnum skal ákvörðuð í samráði við viðkomandi rannsóknarstofu, sbr. 1. mgr.

11 8.3.6. gr.

12 *Saltinnihald og gæði steinefna.*

Vegna hættu á alkálívirgni og tæringarhættu bendistáls eða annarra málma skal steinefni til notkunar í benta steinsteypu hafa minna saltinnihald í hverju kg af þurrum sandi (kornastærð < 4 mm) en 0,036% af klóríði og minna en 0,012% af klóríði í hverju kg af þurrum sandi til notkunar í steypu með spenntu bendistáli.

Samsetning fylliefna skal vera þannig að hámark 10% lendi í flokki 3 þegar flokkað er eftir berggreiningakerfi skv. ÍST EN 932-3 og Rb-blaði um berggreiningu í samræmi við þann staðal, nema prófanir sýni fram á að veðrunarþol sé í lagi.

13 8.3.7. gr.

14 *Útisteypa sem er að mestu laus við saltáhrif.*

Í útisteypu, sem verður fyrir veðrunaráhrifum en er að mestu laus við saltáhrif, skal sementsmagn vera a.m.k. 300 kg í hverjum rúmmetra af steinsteypu. Vatnssementstala (v/s) skal vera minni en 0,55. Blendiloft skal vera a.m.k. 5% mælt rétt fyrir niðurlögn.

Ef steypu er dælt á byggingarstað skal mæla loftinnihald eftir dælingu. Að öðrum kosti skal loftinnihald vera 2% hærra, þ.e. a.m.k. 7%.

Steypuframleiðandi skal auk þess sem greinir í 1. mgr. sýna fram á að steypan uppfylli kröfur um frostþol samkvæmt 7. gr. í staðlinum SS 13 72 44. Meðalflögnun sýna skal vera minni en 1,00 kg/m<sup>2</sup> eftir 56 frostþýðusveiflur (m<sub>56</sub>) jafnframt því sem hlutfallið m<sub>56</sub>/m<sub>28</sub> skal vera minna en 2.

15 8.3.8. gr.

16 *Útisteypa sem verður fyrir saltáhrifum.*

Í útisteypu, sem verður fyrir miklum veðrunaráhrifum og verulegum saltáhrifum, skal sementsmagn vera a.m.k. 350 kg í hverjum rúmmetra af steinsteypu. Vatnssementstala (v/s) skal vera minni en 0,45. Blendiloft skal vera a.m.k. 5% mælt rétt fyrir niðurlögn. Ef steypu er dælt á byggingarstað skal mæla loftinnihald eftir dælingu. Að öðrum kosti skal loftinnihald vera 2% hærra, þ.e. 7%.

Steypuframleiðandi skal auk þess sem greinir í 1. mgr. sýna fram á að steypan uppfylli kröfur um frostþol samkvæmt 7. gr. í staðlinum SS 13 72 44. Meðalflögnun sýna skal vera minni en 1,00 kg/m<sup>2</sup> eftir 56 frostþýðusveiflur (m<sub>56</sub>) jafnframt því sem hlutfallið m<sub>56</sub>/m<sub>28</sub> skal vera minna en 2.

17 8.3.9. gr.

18 *Útreikningur á vatnssementstölu.*

Við útreikning á vatnssementstölu (v/s) er ekki heimilt að beita hvatastuðli á kísilryk.

19 8.3.10. gr.

20 *Heimild steypustöðvar til framleiðslu.*

Heimild steypustöðvar til að framleiða steinsteypu til notkunar í mannvirkjum skv. reglugerð þessari er háð því að viðkomandi rekstraraðili hafi gefið út yfirlýsingu um nothæfi steinsteypunnar samkvæmt ákvæðum III. kafla laga um um byggingarvörur á grundvelli jákvæða-jákvæðrar umsögn umsagnar óháðrar rannsóknarstofu, sem Mannvirkjastofnun umhverfis- og auðlindaráðherra viðurkennir í samræmi við ákvæði 2. mgr. 12. gr. laga um byggingarvörur, um að starfsemi og framleiðsla stöðvarinnar uppfylli ákvæði reglugerðar þessarar og viðeigandi staðla. Leyfisveitandi skal gæta þess að yfirlýsing um nothæfi og jákvæð umsögn um steypustöð liggja fyrir vegna mannvirkjagerðar í hans umdæmi.

Ef steinsteypa uppfyllir ekki kröfur gæðamats sbr. 8.3.1. til 8.3.9. gr. skal leyfisveitandi banna notkun hennar uns úr hefur verið bætt og tilkynna það til Mannvirkjastofnunar.

21 8.3.11. gr.

22 *Framleiðsla steinsteypu þar sem ekki er steypustöð.*

Byggingarfulltrúi getur í þeim tilvikum þar sem ekki er fyrir steypustöð sem uppfyllir ákvæði 8.3.10. gr. heimilað öðrum framleiðslu á steinsteypu vegna mannvirkjagerðar einstaks tiltekins

mannvirkis, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr. 9. gr. laga um byggingarvörur, að því tilskildu að öllum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

- a. Viðkomandi mannvirkjagerð er ekki umfangsmikil.
- b. Við hönnun burðarvirkis sé ekki gengið út frá hærri styrkleikaflokki steypu en C20/25 skv. íslensku þolhönnunarstöðlunum, sbr. 8.2.1. gr.
- c. Einungis viðurkennd steypuefni séu notuð, sbr. 8.3.2. gr.
- d. Sementsmagn sé a.m.k. 350 kg í hvern rúmmetra af steinsteypu.
- e. Vatnssementstala (v/s) sé ekki hærri en 0,45.
- f. Blendiloft steypunnar við niðurlögn sé a.m.k. 5%.

Ef steypu sem gerð er skv. þessari grein er dælt á byggingarstað skal mæla loftinnihald eftir dælingu. Að öðrum kosti skal loftinnihald vera 2% hærra, þ.e. a.m.k. 7%.

Heimild til steypugerðar skv. þessari grein skal vera skrifleg og bundin við einstaka tilgreinda framkvæmd, enda séu einnig uppfyllt önnur skilyrði 1. eða 2. tölul. 2. mgr. 9. gr. laga um byggingarvörur. Þá skal heimildin einnig bundin við notkun tilgreindra steypuefna.